

Félag framhaldsskólakennara Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2014



Building a better
working world

Stjórn Félags framhaldsskólakennara
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

18. mars 2015

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Félags framhaldsskólakennara fyrir rekstrarárið 2014 sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga.

Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar voru gerðar kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi félagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits með einstökum þáttum í starfseminni. Við endurskoðunina voru afstemmingar yfirfarnar og tilvist og mat eignaliða sannreynt. Gengið var úr skugga um að skuldbindingar félagsins, sem okkur er kunnugt um, séu tilgreindar í ársreikningnum.

Skýrsla þessi er eingöngu ætluð til upplýsingagjafar til stjórnar, stjórnenda og annarra innan félagsins og er ekki ætluð til frekari dreifingar.

Við endurskoðunina höfum við átt gott samstarf við starfmenn og stjórnendur félagsins og þökkum veitta aðstoð. Sé þess óskað munum við með ánægju ræða nánar þau atriði er fram koma í þessari skýrslu.

Virðingarfyllt,

Árni S. Snæbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young ehf.

Bls.

1. Endurskoðun 2014

- ▶ 1.1. Framkvæmd endurskoðunar
- ▶ 1.2. Eignir
- ▶ 1.3. Skuldir og eigið fé
- ▶ 1.4. Rekstrarreikningur

4

5

6

7

2. Önnur mál

- ▶ 2.1 Yfirferð stjórnar

8

1. Endurskoðun 2014

1.1. Framkvæmd endurskoðunar

Markmið endurskoðunar

- ▶ Markmið endurskoðunarinnar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þess. Markmiðið er hins vegar ekki að leiða í ljós óverulegar skekkjur. Við höfum leiðrétt, í samráði við stjórnendur félagsins, allar verulegar skekkjur sem upp hafa komið við endurskoðunina.

Framkvæmd endurskoðunar

- ▶ Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- ▶ Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Ábyrgð endurskoðanda

- ▶ Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Ábyrgð stjórnar

- ▶ Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

- ▶ Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.
- ▶ Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014 og efnahag þess 31. desember 2014 í samræmi við lög um ársreikninga.

1. Endurskoðun 2014

1.2. Eignir

Fastafjármunir

- ▶ Fastafjármunir í árslok 2014 námu 10,8 milljónum króna og voru afskriftir ársins reiknaðar og færðar, 266 þúsund krónur. Án athugasemda.

Handbært fé

- ▶ Handbært fé í árslok nam 10,7 milljónum króna.
- ▶ Farið var yfir afstemmingar á handbæru fé.
- ▶ Án athugasemda.

Veltufjármunir

- ▶ Farið yfir afstemmingar á framlagi til félagsdeilda. Án athugasemda.
- ▶ Afstemmingar á viðskiptareikningi við félagssjóð KÍ yfirfarnar og sannreyndar. Krafa á félagssjóð KÍ nam 16,9 milljónum króna í árslok. Án athugasemda.
- ▶ Á meðal skammtímakrafna í ársreikningi félagsins eru færð óinnheimt framlög launagreiðenda í fræðslusjóð að teknu tilliti til 25% niðurfærslu vegna óvissu um innheimtu.

1. Endurskoðun 2014

1.3. Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir

- ▶ Skuldir við lánastofnanir námu 2,1 milljónum króna í árslok, þar af eru næsta árs afborganir 137 þúsund krónur.
- ▶ Langtímalán hafa verið uppfærð miðað við vísitölu í árslok.
- ▶ Farið var yfir útreikninga á lánum, stöðu þeirra í árslok og áfallna vexti.
- ▶ Án athugasemda.

Eigið fé

- ▶ Hreyfingar á eigin fé yfirfarnar. Án athugasemda.

Skammtímaskuldir

- ▶ Styrkir frjá ríkissjóði voru yfirfarnir og sannreynDIR. Án athugasemda.
- ▶ Aðrar skammtímaskuldir samanstanda af reiknuðum áföllnum vöxtum vegna langtímaláns, fyrirframinnheimtum leigutekjum og orlofsskuldbindingu. Án athugasemda.

1. Endurskoðun 2014

1.4. Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur

- ▶ Staðfest að framlag úr félagssjóði KÍ sé í samræmi við samþykktir þings KÍ 2014.
- ▶ Farið var yfir framlög í fræðslusjóð og þau færð til tekna í ársreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu vegna framlaga sem voru óinnheimt um áramót.
- ▶ Leigutekjur yfirfarnar og staðfest að þær væru í samræmi við leigusamning.
- ▶ Í ársreikningi er tekjufærður styrkur frá Vinnudeilusjóði vegna kostnaðar við gerð kjarasamninga á árunum 2013 og 2014 að fjárhæð 11.495.250 kr.
- ▶ Án athugasemda.

Laun og launatengd gjöld

- ▶ Farið var yfir útreikninga á launum og launatengdum gjöldum. Án athugasemda.
- ▶ Samræmi milli gjaldfærðra launa og launakerfis KÍ sannreynt. Án athugasemda.

Rekstrargjöld

- ▶ Farið var yfir hreyfingarlista rekstrarkostnaðar, úrtak var tekið og undirliggjandi gögn skoðuð.
- ▶ Farið var yfir afstemmingar á framlagi til félagsdeilda.
- ▶ Án athugasemda.

2. Önnur mál

2.1. Yfirferð stjórnar

Stjórn félagsins hefur lesið endurskoðunarskýrslu þessa vegna ársins 2014 og kynnt sér niðurstöður hennar.

Reykjavík, 18. mars 2015

Í stjórn: